

Krónan ehf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogi

Akureyri, 20. október 2021
UST202109-246/K.R.
07.00

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 29.9.2021 þar sem markaðssetning á fæliefnunum STIK A' Myggespray EXTRA og STIK A' Fri for myg var stöðvuð tímabundið í samræmi við heimild Umhverfisstofnunar skv. 57. gr. efnalaga nr. 61/2013 vegna frávika frá ákvæðum efnalaga og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur. Um nánari upplýsingar hvað frávikin varðar vísast til framangreinds bréfs.

Fyrirtækið brást við bréfi stofnunarinnar og sá til þess að báðar vörurnar voru teknar úr sölu og hefur fyrirtækið upplýst Umhverfisstofnun um að vörunum hafi verið fargað og að engar birgðir séu til af þeim.

Með hliðsjón af viðbrögðum fyrirtækisins er ekki ástæða til frekari aðgerða af hálfu Umhverfisstofnunar. Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 29.9.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með framangreindum fæliefnum og því aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Krónan ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 46.200 kr.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Katrín Rúnarsdóttir
lögfræðingur